

SFH - Ferill tekna, gjalda, úthutana og eigin fjár 2021

Tekjur og gjöld.

Skipting hreinna tekna vegna spilunar í útvarpi er jöfn á milli flytjenda og framleiðenda skv. samþykktum samtakanna, og byggir m.a. á ákvæðum 12. gr. Rómarsáttmála um flytjendur og framleiðendur, sbr. 3. mgr. 47. gr. Höfundalaga. Skipting er 50/50 en lítil hluti kostnaðar sem er sérgreindur skiptist eftir því hvorri deildinni kostnaðurinn tengdist beint. Skipting tekna frá IHM er á annan veg. Skipting nettótekna ársins 2021 er því þannig:

<u>Rekstrarreikningur 2021:</u>		Samtals	Framleiðendur	Flytjendur	
tilvísun:					
rek	Tekjur	247.914.013	123.957.007	123.957.007	
rek	Sameiginl. kostnaður	-82.222.428	-41.111.214	-41.111.214	
rek	Vaxtatekjur	-27.860	-13.930	-13.930	
rek	Hagn fyrir ségr. kostnað	165.663.725	82.831.863	82.831.863	a
rek/skýr 7	Ségr. Kostnaður	-4.895.564	-1.200.646	-3.694.918	b
rek	Hagnaður 2021	160.768.161	81.631.217	79.136.945	c

Varasjóður .

Í samþykktum fram til 2022 var heimild til að ráðstafa allt að 7% hreinna tekna í varasjóð. Samtökin nýta þessa heimild að hluta og leggja 7% hreinna tekna í varasjóðinn og binda það fé í 4 ár. Eftir 4 ár kemur svo til ráðstöfunar og skiptingar á varasjóðsframlaginu inn í hvora deild. Frá árinu 2023 verður tillagið 10% og heiti nýs sjóðs er Stuðningssjóður.

<u>Varasjóður 2021:</u>		Samtals	Framleiðendur	Flytjendur	
Flutt frá fyrra ári		43.678.766	21.839.383	21.839.383	
Tillag ársins, 7% af hagnaði		11.596.461	5.798.230	5.798.230	d
Ráðstafað á árinu		-11.330.067	-5.665.034	-5.665.034	e
Óráðstöfuð staða í árslok		43.945.160	21.972.580	21.972.580	

Óráðstafað eigið fé.

Stofnfé er 700.000. Breyting á óráðstöfðuðu eigin fé skýrist af því sem kemur frá rekstri ársins (hagnaður eða hreinar tekjur). Frá því dregst 7% varasjóðstillag (reiknað af hagnaði ársins fyrir sérgreindan kostnað), en til viðbótar kemur ráðstöfun úr varasjóði (eldri tillög en 4 ára):

<u>Óráðstafað eigið fé 2021:</u>		Samtals	Framleiðendur	Flytjendur	
Hagn. ársins f. ségr. kostn.		165.663.725	82.831.863	82.831.863	a
Ségr. kostnaður		-4.895.564	-1.200.646	-3.694.918	b
Hagnaður ársins		160.768.161	81.631.217	79.136.945	c
Varasjóðstillag ársins 7%		-11.596.461	-5.798.230	-5.798.230	d
Innleystur varasjóður '17		11.330.067	5.665.034	5.665.034	e
Til úthlutunar til réttihafa		160.501.767	81.498.020	79.003.748	f
Stofnfé frá fyrra ári		700.000	350.000	350.000	
Ráðstafað í Úthlutunarsjóði		-160.501.767	-81.498.020	-79.003.748	g
Stofnfé í árslok		700.000	350.000	350.000	

Úthlutunarsjóður.

Hvað er Úthlutunarsjóður.

Úthlutunarsjóður SFH er í eðli sínu viðskiptareikningur yfir úthlutanir annars vegar og greiðslur þeirra hins vegar. Skv. samþykktum og lögum ætti Úthlutunarsjóður að tæmast með útgreiðslum fyrir septemberlok á árinu í kjölfar tekjuársins. Úthlutunarsjóður er aðgreindur milli Framleiðendadeildar og Flytjendadeildar.

Ferill Úthlutunarsjóðs.

Framlög í Úthlutunarsjóð eru ráðstafanir (úthlutanir) úr eigin fjár reikningum, staðfest á aðalfundum og greint frá í ársreikningi, (þe. hlutdeild í hreinum tekjum ársins +/- tillag í og ráðstöfun úr varasjóð). Það sem kemur í Úthlutunarsjóð framleiðenda greiðist í heild til FHF (Félags hljómplötuframleiðenda) sem ráðstafa því fé til rétthafa, en það sem kemur í úthlutunarsjóð flytjenda skiptist fyrst í hlutdeild innlendra og erlendra rétthafa skv. spilunarskýrslum í útvarpsstöðvum. Til viðbótar þessu greiðir IHM til SFH vegna eintakagerðar til einkanota (11.gr. Höfundalaga) og endurvarps (sbr. 23.gr. a Höfundalaga) sem greiðist síðan til FHF, FÍL og FÍH í félagsleg verkefni og einstaklingsbundið. Skipting innbyrðis vegna eintakagerðar er byggð á gerðardómi frá 2022 og vegna endurvarps á samkomulagi samtaka innan IHM. Til að skipta erlendu hlutdeildinni fá samtökin aðstoð, skv. samstarfssamningi við systursamtök sín, PPL, sem reiknar út skiptingu erlenda hlutans milli landa (rétthafasamtaka hvers lands) og SFH annast svo greiðslur til þeirra rétthafasamtaka skv. þeirri skiptingu.

Staða Úthlutunarsjóðs.

Auk framangreindra framlaga í Úthlutunarsjóð koma öðru hvoru erlendar úthlutunargreiðslur inn í flytjendadeild sjóðsins sem úthlutast svo til rétthafa með ofangreindum úthlutunum.

Markmið með Úthlutunarsjóði er að tæma hann með útgreiðslum á árinu í kjölfar tekjuárs. Vegna ýmissa vandkvæða á að koma greiðslum til réttra aðila hefur myndast skuldastaða í Úthlutunarsjóði. Ítarlegar sundurliðanir og greiningar liggja fyrir um stöðu Úthlutunarsjóðs í árslok.

Úthlutunarsjóður 2021:

	Samtals	Framleiðendur	Flytjendur
Ógreidd staða Úthlutunarsjóðs frá fyrra ári	264.588.791	44.310.932	220.277.859
Úthlutun ársins, ráðstöfun af eigin fé	160.501.767	81.498.020	79.003.748
Greiðslur erlendis frá v. Innl. Flytjenda	361.020		361.020
Útborgaðar úthlutanir á árinu	-100.879.663	-57.915.561	-42.964.102
Staða í árslok (ógreidd úthlutun)	324.571.915	67.893.391	256.678.525